

Vestmannaeyjabær
Ráðhúsinu
Kirkjuvegur 50
900 Vestmannaeyjar

Garðabær, 17. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0049/0051
IAS

Efni: Skans og Skanshöfði, nýtt deiliskipulag og tillaga að breyttu aðalskipulagi.

Vísað er í tvö erindi frá Vestmannaeyjabæ, dags. 27. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögur að nýju deiliskipulagi fyrir Skans og Skanshöfða að og breyttu aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035.

Lavaspring ehf. stefnir að uppbyggingu hótels og baðlóns í Vestmannaeyjum, á Skanshöfða við innsiglinguna. Skanshöfði er hluti hraunjaðars við sjóinn sem myndaðist í eldgosinu 1973 ofan við Skansinn. Í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 er umrætt svæði skilgreint sem óbyggt svæði með auðkenni ÓB-3, sbr. mynd 1.2. Því er gerð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felst í því að hluta landnotkunarreits fyrir óbyggt svæði ÓB-3 er breytt í reit fyrir verslun og þjónustu, VP-2, sbr. mynd 1.3. Deiliskipulagssvæðið nær utan um Skansinn og fyrirhugað uppbyggingarsvæði á Skanshöfðanum, sbr. mynd 1.1. Við val á staðsetningu hótelsins og baðlónsins voru ýmsir möguleikar skoðaðir en fljótlega þótti Skanshöfðinn bera af og voru engir aðrir kostir skoðaðir nánar. Lóðin skv. deiliskipulagi er um 16.500 m² og á henni verður reist hótél, baðlón, þjónustubygging og bílastæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögurnar og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu er framkvæmdasvæðið á nútímahrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og skal forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Hraunið er lítið raskað á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, fyrir utan áningarstað næst Skansvegi, og er verndargildi hraunsins því lítt skert. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru vistgerðirnar mosahraunavist og eyðihraunavist ríkjandi en að auki er lúpína farin að dreifa sér um svæðið. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að óafturkræft rask verði á hrauninu en að þau verði staðbundin og á móti komi að í deiliskipulagi verði skilmálar um grisjun lúpínu á öllu deiliskipulagssvæðinu. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki nóg að grisja lúpínu heldur verður að útrýma henni á skipulagssvæðinu með átaki sem felur í sér vöktun og árlegar aðgerðir næstu árin.


Fyrirhugað baðlón verður með jarðsjó sem fenginn verður úr holum sem boraðar verða innan lóðar. Jarðlög í Vestmannaeyjum eru mjög lek og hefur ekki orðið vart við mikinn niðurdrátt í þeim holum sem nýttar eru í Vestmannaeyjabæ. Ekki kemur fram hve margar borholur þarf en auk jarðsjávar fyrir baðlónið þarf jarðsjó fyrir varmadælu o nokkuð rask verður á hrauni utan við byggingareitinn fyrir hverja holu sem boruð verður. Vel þarf að fylgjast með mögulegum niðurdrætti í borholum en sjótaka úr borholum hefur aukist mikið í Vestmannaeyjum, m.a. vegna laxeldis.

Skólp frá svæðinu fer í fráveitukerfi Vestmannaeyjabæjar en fyrirhugað er að affall úr baðlóninu fari í sjóinn við Skansfjöru. Tryggja þarf að hitastig affallsins verði jafnt sjávarhita svo það hafi ekki áhrif á lífríki sjávar við útfallið.

Framkvæmdasvæðið er í mikilli nálægð við lundavarp og skrofuvarp í Mið- og Ystakletti. Það er því mikilvægt að lýsing verði hófstíllt, sér í lagi síðsumars og á haustin þegar ungar þessara tegunda auk unga stormsvala og sjósvala frá Elliðaey og Bjarnarey geta látið glepjast af sterkri lýsingu og flækst upp á land.

Náttúrufræðistofnun er ekki með fleiri athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

